

ytri guðsdýrkun og lagasetningar, heldur en hinn innri kjarna trúarlífsins sjálfs, varð guðshugmynd Gyðinganna svo ólík guðshugmynd Hindúanna. Þeirra guð (Gyðinganna) var altaf fyrir utan og ofan þenna heim, aldrei í þessum heimi. Hann var strangur, réttlátur guð (samkvæmt þeirra tíma hugmynd um rétt læti), sem drottnaði yfir sinni þjóð, og hjá þeim sem hæst komust, yfir þjóðum heimsins; en aldrei guð, lifandi og starfandi í mannlífinu og í hverri einstaklingssál, eins og vér finnum í hinum helgu ritum Hindúanna. Bæði þessi trúarbrögð þroskuðust, en á ólíkan hátt. Í einum er það guð í öllu, sem aðaláherzlan er lögð á, í hinum guð yfir öllu.

Tökum hver önnur trúarbrögð, sem vér þekkjum, og alstaðar er breyting, framþróun að finna. Í trúarbrögðum Forn-Grikkja er hún sýnileg. Eftir því sem heimspekingar grísku þjóðarinnar fjarlægðust meir og meir goðatrú hennar, eftir því urðu þeir fleiri, sem efuðust um sönnunargildi goðasagnanna, og hlýddu glaðir á þær kenningar, sem snertu mannlífið og lífsgátur þær, sem hvervetna mættu hinum hugsandi manni. Þegar svo kristindómurinn breiddist út um alt rómverska ríkið, þá féllu síðustu leifar gömlu goðatrúarinnar, sem lengi hafði verið á fallandi fæti, en mikið af því, sem hafði verið gömlu trúarbrögðunum andstætt, og tilheyrði öðrum tíma en þau, blandaðist saman við hina nýju trú, og varð að kristindómi vesturþjóðanna. Þannig mætti vafalaust tilnefna öll trúarbrögð heimsins, og ef saga þeirra yrði rakin, þá mundi það koma í ljós, að hvar sem nokkur andleg framför á sér stað, þar nær sú framför einnig til trúarbragðanna.

Það hefir jafnan verið og er skoðun meiri hluta þeirra manna, er kristna trú játa, að kristin trú væri undantekning frá öðrum trúarbrögðum í öllum greinum. Skifting á öllum trúarbrögðum heimsins niður í *kristin* og *heidin* trúarbrögð, sem svo mikið gildi hefir haft í augum flestra kristinna manna, á ekki lengur við, þegar um óhlutdræga rannsókn á öllum trúarbrögðum heimsins er að ræða.

Því hefir verið trúað og er vafalaust enn trúað af öllum fjölda fólks í hinum kristnu löndum, að kristindómurinn sé guð-